

Ákvörðun um framkvæmd í flokki C

Heiti framkvæmdar	Efnistaka í Gloppugili í Lambahnjúki.
Framkvæmdaraðili	Landeigendur á Eiði í Grundarfjarðarbæ.
Sveitarfélag	Grundarfjarðarbær
Tegund framkvæmdar	Framkvæmdin sem um ræðir er 25.000 m ³ efnistaka, malarnám úr áframburði af 17.000 m ² svæði í Gloppugili í Lambahnjúki. Efnistakan fellur undir tölulið 2.04 í 1. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum 106/2000, en þar segir: Efnistaka og/eða haugsetning á landi eða úr hafsbotni þar sem áætlað er að raska minna en 25.000 m ² svæði eða efnismagn er minna en 50.000 m ³ .

Framkvæmdalýsing (stutt samantekt)

Framkvæmdin felst í að nema 25.000 m³ af malarefni af um 17.000 m² svæði úr Gloppugili í Lambahnjúki í landi Eiðis í Grundarfirði.

Gloppugil gengur niður í Kolgrafafjörð vestanverðan. Niður Gloppugilið rennur dragá sem er vatnsmikil í asahláku, leysingum og miklum rigningum og ber þá með sér malarefni niður hlíðar fjallsins sem sest til á flata neðst í fjallshlíðinni og á áreyrunum niðri við sjó. Áin þornar alveg upp á milli, þegar lítið vatn er á vatnasviði hennar. Farvegurinn er því ekki búsvæði fyrir fiska og því engin veiði í dragánni.

Efnið á fyrirhuguðu efnistökusvæði er einkum mól, malarframburður sem berst niður hlíðar Lambahnjúksins með ánni í vatnavöxtum eða þegar laust efni skriður niður hlíðina. Efnið endurnýjar sig því stöðugt, þó mis hratt eftir því hve votviðrasamt er og miklir vatnavextir. Talsvert efni getur gengið niður í votviðrasömu árferði, en minna þegar þurr er.

Jarðfræði svæðisins einkennist af basísku og ísúru gosbergi og setlögum sbr. jarðfræðikort af svæðinu á mynd 3. Engar sérstæðar jarð- eða náttúruminjar er að finna á svæðinu sem hafa sérstakt verndargildi, sbr. lög nr. 60/2013 um náttúruvernd, gr. 61, um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja. Sjá nánari lýsingu í meðfylgjandi Áætlun um efnistöku fyrir efnistöku úr Gloppugili í Lambahnjúki, Eiði.

Var leitað umsagna?

Ekki er þörf á að leita umsagna þar sem efnistökusvæðið er skilgreint í Aðalskipulagi Grundarfjarðar.

Fyrirhugað efnistökusvæði fellur að hluta innan efnistökusvæðis E-11 sbr. afmörkun á sveitarfélagsuppdrætti Aðalskipulags Grundarfjarðar 2019-2039 og að hluta utan þeirra marka. Í aðalskipulaginu segir um efnistökusvæði E-11 að það sé í landi Eiðis, sunnan vegar, malarnáma úr áframburði. Heimilt sé að taka allt að 25.000 m³ af efni. Þess skuli gætt að sem minnst rask verði á því svæði sem nýtt verði til efnistöku.

Þessi tilfærsla á efnistökusvæðinu, er talin í samræmi við Aðalskipulag Grundarfjarðar 2019-2039 þar sem í því er gert ráð fyrir að mörk efnistökusvæða séu nánar ákvörðuð í framkvæmdaleyfi og að um er að

ræða efnisnám úr árframburði, en samkvæmt stefnu aðalskipulags getur efnistaka farið fram úr árfarvegum án þess að þau svæði hafi verið auðkennd sem efnistökusvæði í aðalskipulaginu. Framangreind færsla á hluta af efnistökusvæðinu út fyrir mörk þess svæðis sem afmarkað er á aðalskipulagsupprætti, fellur því undir framangreinda stefnu um efnistöku úr árfarvegum. Hún fellur einnig að markmiði um að efnisnám valdi m.a. ekki neikvæðum áhrifum á landslag.

Umfang þeirrar efnistöku sem sótt er um framkvæmdaleyfi fyrir er innan þeirra marka sem tilgreind eru aðalskipulaginu, þ.e. 25.000 m³. Efnistaka og frágangur, sbr. efnistökuáætlunina, miðar að því að sem minnst rask verði á svæðinu vegna efnistöku, sem er í samræmi fyrir skilmála fyrir efnistökusvæði í aðalskipulaginu.

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum skal m.a. taka mið af eðli framkvæmdar sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Já/Nei/Útskýring

Er framkvæmd umfangsmikil?	Nei. Um er að ræða malarnám af allt að 25.000 m ³ af malarefni af um 17.000 m ² landsvæði.
Er framkvæmd líkleg til að hafa sammögnunaráhrif með öðrum framkvæmdum?	Nei
Fylgir framkvæmd nýting náttúruauðlinda?	Já, verið er að taka malarefni til nýtingar.
Fylgir framkvæmd úrgangsmyndun?	Nei
Fylgir framkvæmd mengun eða ónæði?	Framkvæmdinni fylgir óveruleg truflun vegna aksturs milli efnistökusvæðis og framkvæmdarstaðar á meðan á efnisflutningum stendur.
Fylgir framkvæmd slyshætta?	Nei, slyshætta ekki talin meira en almennt er um framkvæmdir.

Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum skal m.a. taka mið af staðsetningu framkvæmdar með tilliti til hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000

Hefur framkvæmdin áhrif á:

Já/Nei/Útskýring

Þá landnotkun sem fyrir er eða fyrirhugaða landnotkun samkvæmt skipulagi?	Nei. Framkvæmdin er í samræmi við staðfest Aðalskipulag Grundarfjarðar 2019-2039.
Getu náttúruauðlinda á svæðinu til endurnýjunar eða magn þeirra og gæði?	Ekki til lengri tíma, þar sem verið er að taka efni úr árframburði og skriðuefni sem endurnýjast með tíð og tíma.
Friðlýst svæði s.s. þjóðgarða, friðlönd,	Nei.

náttúruvætti, fólkvanga?	
Svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum vegna tiltekinna vistkerfa og jarðminja s.s. eldhraun, jarðhitasvæði og votlendi?	Nei.
Svæði í verndarflokki rammaáætlunar, á náttúruverndaráætlun eða í náttúruminjaskrá?	Nei.
Svæði sem njóta verndar samkvæmt sérlögum, (Mývatn og Laxá og Breiðafjörður)?	Nei.
Svæði sem njóta verndar samkvæmt alþjóðlegum samningum s.s. Ramsarsamningnum og Bernarsamningnum?	Nei.
Svæði sem njóta verndar vegna fornminja eða friðaðra mannvirkja?	Nei.
Vatnsverndarsvæði?	Nei.
Hverfisverndarsvæði samkvæmt skipulagsáætlunum?	Nei.
Víðerni?	Nei.
Votlendi eða strandsvæði?	Nei.
Landslag, ásýnd svæðis eða landnotkun?	Ásýndin mun tímabundið breytast og ljóst að verið er að nema efni úr Glöppugili. Að efnistöku lokinni verður efnistökusvæðinu lokað og gengið frá því, sbr. áætlun um efnistöku. Til lengri tíma litið, eftir að efnistöku lýkur, þá munu ekki sjást merki efnistöku í Glöppugili.
Jarðmyndanir (t.d. eldhraun, fossar, hverasvæði, eldvörp)?	Nei.
Stöðuvötn, tjarnir, sjávarfitjar eða leirur?	Nei.
Gróður og gróðurlendi (t.d. mýrar), Dýralíf (t.d. fuglar og fiskar)?	Nei.
Loftgæði eða mengun?	Nei.
Menningarminjar?	Nei.
Samfélag, s.s. áhrif á íbúa eða atvinnu?	Nei.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum skal m.a. taka mið af hugsanlegum eiginleikum umhverfisáhrifa með hliðsjón af eðli framkvæmdar og staðsetningu, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000

Umfang umhverfisáhrifa, þ.e. það svæði og fjöldi fólks sem ætla má að verði fyrir umhverfisáhrifum.	Framkvæmdasvæðið er utan alfaraleiðar og áhrif efnistökkunnar á fólk því lítil sem engin. Verið er að taka efni úr árframburði og skriðu sem mun endurnýja sig til lengri tíma litið. Að framkvæmd lokinni verður gengið frá svæðinu sbr. fyrirbyggjandi áætlun um efnistöku. Umhverfisáhrifin eru því óveruleg.
Stærð og fjölbreytileiki áhrifa	Áhrifin eru talin lítil og bundin við afmarkað svæði sem gengið verður frá í lok framkvæmdar.
Líkur á áhrifum	Litlar líkur á neikvæðum umhverfisáhrifum.
Tímalengd, tíðni og óafturkræfi áhrifa	Gert er ráð fyrir því að efnistakan standi í allt að 10 ár. Efni er unnið þegar þörf er á efni úr efnistökusvæðinu, svo að efnistakan er ekki stöðug allt árið, heldur líklegt að hún geti staðið í nokkra daga og allt að nokkrar vikur þegar best lætur. Áhrif hennar eru ekki óafturkræf þar sem gengið mun verða frá svæðinu að efnistöku lokinni. Í framtíðinni mun áin í Gloppugili og skrið í aðbyggjandi hlíðum sjá til þess að endurnýjun mun verða á efninu til lengri tíma litið. Ekki er ljóst hve langan tíma það muni taka fyrir efnið að endurnýja sig.
Sammögnunaráhrif ólíkra umhverfisáhrifa á tilteknu svæði	Ekki talin hætta á sammögnunaráhrifum.
Áhrif yfir landamæri	Engin áhrif.

Niðurstaða

Það er niðurstaða framkvæmdaraðila að framkvæmdin eins og henni er lýst í fyrirbyggjandi gögnum, sbr. einnig hvernig hún fellur að skipulagi og á grundvelli leiðbeininga Skipulagsstofnunar um forsendur til ákvörðunar um matsskyldu, sbr. 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, að hún hafi ekki umtalsverð áhrif á umhverfið.

Ákvörðun	Ekki háð mati
Kærufrestur	

Grundarfirði, dags.

Undirskrift skipulags- og byggingarfulltrúa
